





34. tbl. 35. árg. 18.- 24. okt. 2023

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands **BÓLUSETNINGAR**

# Bólusetningar gegn inflúensu og Covid-19 á HSN Fjallabyggð

## Bólusett verður eftirtalda daga frá kl. 13-15.30:

**Miðvikudaginn 18. október**
**Fimmtudaginn 19. október**
**Mánudaginn 23. október**
**og þriðjudaginn 24. október**

**Bólusett verður fyrir inflúensu og Covid á sama tíma.**

**Athugið að Covid-bólusetning er eingöngu fyrir forgangshópa. Þeir sem eiga rétt á að fá Covid-bólusetningu eru þeir sem eru með langvinna sjúkdóma, 60 ára og eldri, barnshafandi konur og heilbrigðisstarfsmenn sem sinna fólki í áhættuhópum.**

**Vinsamlegast pantið tíma í síma: 432-4300 (Siglufjörður) og 432-4350 (Ólafsfjörður) og takið fram í hvaða bólusetningu.**

**Börn 6 mánaða og eldri verða bólusett gegn inflúensu 2. nóvember (nánar auglýst síðar).**

Innilegar þakkir og kveðjur sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærar eiginkonu og móður

## Önnu Kristínar Sæmundsdóttur



**Hlíðarvegi 44,**
**Siglufirði**

sem lést á SAK 1. október sl.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Heilbrigðisstofnunar á Siglufirði
fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Ámundi Gunnarsson og fjölskylda**

---



KVENNAVERKFALL
Á AKUREYRI 24. OKTÓBER 2023
RÁÐHÚSTORGI KLUKKAN 11:00

www.kvennafri.is

**Við hvetjum konur og kvár til þess að sameinast í bíla inn á Akureyri og fjölmenna á baráttufundi með okkur!**

FJÖLMENNUM, DÖNSUM, SYNGJUM OG HÖFUM HÁTT!

***We encourage women and non-binary people to carpool to Akureyri and take part in the women´s strike demonstration at the town square!***

*LET´S GATHER, DANCE, SING AND MAKE SOME NOISE!*

Finndu viðburðinn á Facebook
Find the event on Facebook

---

***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

---

**Til leigu íbúð á Siglufirði. Getur verið laus strax.**
**Nánari upplýsingar hjá Ólafíu í síma 824-2114.**

---




Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.
Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2023. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.**
Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).

---

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

## Sorphirða Fjallabyggð - Waste management in Fjallabyggð
### Hlaupari - runner

Íslenska gámafélagið óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf við sorphirður í Fjallabyggð.

Tilvalið starf fyrir ungmenni eða fólk í skóla. Unnið er aðra hverja viku í 3 daga.

Íslenska gámafélagið hefur jafnrétti að leiðarljósi og hvetur öll kyn til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiðrún Ósk, heidruno@igf.is eða starfsmannasvið Igf, starfsmannasvid@igf.is

### Hæfniskröfur

- Jákvæðni og samskiptahæfni
- Stundvísi, sveigjanleiki og nákvæm vinnubrögð
- Kraftur og líkamlegt hreysti
- Íslensku - og/eða enskukunnátta

### Requirements

- Positivity and interpersonal skills
- Punctuality and flexibility
- Good endurance and physical abilities
- Icelandic -and/or english skills

Íslenska gámafélagið wants to hire a part-time employee for waste management in Fjallabyggð. An ideal job for young people or people in school. Work is done every other week for 3 days.

Íslenska gámafélagið is guided be equality and encourages all genders to apply for the job

For more information about the job, contact Heiðrún Ósk, heidruno@igf.is or Igf HR department, starfsmannasvid@igf.is

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

577 5757 www.gamafelagid.is igf@igf.is

HESTAMANNAFÉLAGIÐ GLÆSIR SIGLUFIRÐI

# Fyrirtækjakeppni Glæsis

## Hestamannafélagið Glæsir vill þakka öllum þeim fyrirtækjum sem styrktu félagið.

**Eining-Iðja, Ísfélag, Berg, Bás, Mark málari, L-7, Vex-viðskipti, KLM, Marteinn Haraldsson, Samhentir, Segull 67, Fjallabyggð, Arionbanki, JE vélaverkstæði, Olís verslun, Primex, Tannlæknastofan, Tunnan, SR vélaverkstæði, SR búð, Siglósport, Sóti, Siglunes hótel, BG Nesið, Þrándur.**